

Berglind Guðmundsdóttir
Skipulags- og byggingasvið Hafnarfjarðarbæjar
Norðurhella 2
221 Hafnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. janúar 2014
Tilvísun: UST20131200152/ksj

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Seltún í Krýsuvík

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Seltúns í Krýsuvík. Seltún í Krýsuvík er í Reykjanesfólkvangi, en um hann gilda eftirtaldar reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar. 2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að setja fram stefnumörkun um uppbyggingu og vernd ofangreinds svæðis, og þannig skilgreina aðkomu og gönguleiðir, áningastaði, þjónustusvæði og bæta aðstöðu útivistar á svæðinu í heild. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins eru rúmir 13 ha. Í aðalskipulagi Krýsuvíkur 2005 – 2025 er Seltún hverfisverndað vegna náttúruminja. Hverfisverndarákvæði er að mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki.

Bílastæði

Fram kemur í greinargerð að bílastæðum verður fjölgað úr 30 bílastæðum og 2 rútustæðum í 48 bílastæði og 5 rútustæði. Einnig er tillaga um að gera 27 varabílastæði. Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn þess að bæta við bílastæðum. Stofnunin bendir á að mögulega þurfi fleiri rútustæði til að anna þörf þegar mestu toppar í ferðamennsku eru að sumri. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að færa rök fyrir þeirri fjölgun varabílastæða er fram kemur í greinargerð, sérstaklega þar sem sú fjölgun varastæða er áætluð á grónu svæði.

Gönguleiðir

Umhverfisstofnun tekur undir almenn markmið við uppbyggingu og frágang stíga. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við lagningu stíga verði ætíð haft í huga að breidd þeirra sé ekki áætluð meiri en nauðsyn krefur og að sjónrænum áhrifum sé haldið í lágmarki, og að forðast allt óþarfa rask. Ef nýta á stálundirstöður og stálgataplötur þarf að huga að sjónrænum

áhrifum og að slíkir stígar falli vel að umhverfinu áður en efni er valið.


Nestislautir


Umhverfisstofnun bendir á að hagkvæmast er að áningastaðir séu einungis við bílastæði og í grennd við salerni. Reynslan sýnir að þegar áningastöðum er dreift um náttúruminjasvæði þá er meiri hættu á rusli út um svæðið og það getur skapað neikvæð sjónræn áhrif. Hins vegar bendir stofnunin á það þarf hvíldarbekki með vissu millibili á göngustíga sem eiga að vera aðgengilegir fyrir alla sbr. Aðgengi fyrir alla, handbók um umhverfi og byggingar.

Þjónustumiðstöð

Umhverfisstofnun mælir með að safntankur verði settur þegar kemur að endurnýjun rotþróar á svæðinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

